



Fundargerð

9. fundur Fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., mánudaginn 23. ágúst 2021, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Karl Ölvirsson, Örn Ingi Ingvarsson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Ákvörðun um réttardag á Holtamannafrétti - 2108011

Taka þarf ákvörðun um réttardag á Holtamannafrétti árið 2021. Ísleifur lagði fram tillögu að réttardegi.

Samþykkt samhljóða að réttað verði í Haldi og á Þóristungum þann 12. september 2021 og réttarstörf hefjast klukkan 9:00.

Reiknað er með að fara í eftirleitir í 39. viku.

2. Ákvörðun um leitarstjórn á Holtamannafrétti - 2108012

Taka þarf ákvörðun um leitarstjórn á Holtamannafrétti árið 2021.

Samþykkt samhljóða að Ísleifur Jónasson verði leitarstjóri á Búðarhálsi í fyrri leitum og Tyrtingur Sveinsson verði leitarstjóri í seinni leitum.

Karl Ölvissón verður leitarstjóri á Þóristungum.

Leitarstjórum er falið að halda til haga upplýsingum um fjölda fullorðinna kinda og koma þeim upplýsingum til skrifstofu Ásahrepps.

Leitarstjórar eru skipaðir smitvarnarfulltrúar við hverja rétt.

Samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um þóknanir vegna fjallferða á Holtamannafrétti - 2108013

Taka þarf ákvörðun um laun og þóknanir vegna fjallferða á Holtamannafrétti árið 2021.

Lögð fram tillaga sem byggir á uppreikningi miðað við NVT.

Umsjón á leit. kr. 28.200

Ráðskona á dag: kr. 20.300

Fjallmaður á dag: kr. 11.650

Fjór hjól á dag: kr. 17.000

Hestur á dag: kr. 1.030

Fæði á dag: kr. 7.900


Bill á km: kr. 110


Tryggingar fjór hjóla eru á abyrgð eigenda.


Samþykkt samhljóða.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "JFK", "JJ", "K.O.", and "ST".


Fundi slitið kl. 16:30.



Ísleifur Jónsson


Karl Ölvirsson


Örn Ingi Ingvarsson


Óskar Ólafsson


Sævar Jónsson


Valtýr Valtýsson